



Áfram mikill slaki á vinnumarkaði – en vonandi er botninum náð

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands er áætlað að um 194.400 manns hafi verið á vinnumarkaði í janúar 2020, sem jafngildir 76% atvinnuþátttöku. Af fólki á vinnumarkaði voru um 182.300 starfandi og um 17.100 atvinnulausir og í atvinnuleit. Starfandi fólki fækkaði um 12.500 milli ára og atvinnulausum fjölgaði um 8.600. Hlutfall starfandi var 69,5% í janúar og hafði minnkað um 6 prósentustig frá janúar 2020.



Endurskoðun talna úr vinnumarkaðskönnun

Núna um áramótin voru gerðar töluverðar breytingar á úrvinnslu vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofunnar með það fyrir augum að draga úr brottfallsskekkju í niðurstöðum og fá fram nákvæmara og stöðugra mat á mannfjölda. Með nýjum vogum benda niðurstöður til þess að atvinnuleysi hafi verið nokkuð vanmetið fram til þessa. Þá voru gerðar breytingar á mati á mannfjölda í rannsókninni til að draga úr sveiflum milli mánaða með því að nota uppsöfnuð mánaðarleg gögn. Í *Hagsjám* undanfarinna ára hefur reglulega verið fjallað um vandamál tengd vinnumarkaðsrannsókninni. Samhliða þessum breytingum hefur Hagstofan nú birt endurskoðaðar niðurstöður úr vinnumarkaðskönnun allt frá árinu 2003.

Nær stöðug þróun atvinnuþátttöku niður á við

Í apríl 2020 fór atvinnuþátttaka niður í 73,4% og hafði ekki verið lægri a.m.k. frá árinu 2003, þegar vinnumarkaðskönnunin hófst. Atvinnuþátttaka mældist meiri í maí og júní en hefur síðan minnkað og mældist 76% nú í janúar, sem er 2,3 prósentustigum lægra en í janúar 2020.

Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 77,2% og hefur atvinnuþátttaka verið á nær stöðugri niðurleið frá 2017 miðað við meðaltal síðustu 12 mánaða.





Stökk í atvinnuleysi 2020

Atvinnuleysi samkvæmt mælingum Hagstofunnar var 8,6% í janúar og hafði aukist um 4,4 prósentustig frá janúar 2020. Eins og áður segir hefur Hagstofan nú birt endurmetnar tölur um atvinnuleysi aftur í tímenn. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 11,6% og hafði aukist um 6,8 prósentustig frá desember 2020. Því til viðbótar var atvinnuleysi vegna hlutabóta mælt sem 1,2% í janúar. Vinnumarkaðskönnunin mælir því áfram töluvert minna atvinnuleysi en Vinnumálastofnun gerir.

Vinnuafslnotkun dróst mikið saman á árinu 2020

Fjöldi starfandi í janúar 2021 hafði fækkað um 6,4% frá janúar 2020. Á sama tímabili lengdist vinnutími um 0,5% þannig að heildarvinnustundum fækkaði um 5,9% milli ára sem er mesta fækkun á einum ársfjórðungi frá því að vinnustundum tók að fækka í upphafi 2020. Vinnuafslnotkun hefur nú fækkað stöðugt frá því í mars 2020.

Mikil áhrif á vinnuarkaðinn

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft veruleg áhrif á íslenskan vinnuarkað. Það á sérstaklega við um atvinnuleysið, en aðrar stærðir, eins og atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun, hafa einnig þróast í neikvæða átt.


Atvinnuleysi hefur væntanlega náð hámarki og nú þegar farið er að sjást fyrir endann á faraldrinum má vænta þess að vinnuarkaðurinn breytist til hins betra. Eitt megineinkenni íslensks vinnuarkaðar er mikill sveigjanleiki og því má ætla að þróunin til betri vegar geti orðið nokkuð hröð eftir því sem árangursbólusetninga fer að gæta á næstu mánuðum. Eins og áður segir skipta opnun landsins og auknar komur ferðamanna miklu máli í því sambandi.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.


Mánaðarlegar mælingar á atvinnuleysi - án hlutabóta



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.


Atvinnuleysi

12 mánaða hlaupandi meðaltal (%)



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

Atvinna og vinnutími - janúar 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans